



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. október 2015

1509017SA GB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frv. um forsendur fjárlaga, 2. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. september sl., þar sem óskað var eftir umsögnum um ofangreint frumvarp. Ekki reyndist unnt að ljúka gerð umsagnar þessarar innan veitts frests þar sem fleiri mikilvæg mál bárust til umsagnar á sama tíma.

Almennt um frumvarp til fjárlaga 2016

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur unnið samantekt um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2016. Helstu niðurstöður sem varða sveitarfélögin eru:

- a. Tryggingargjald lækkar um 0,15 prósentustig. Það er minna en vonast hafði verið eftir. Lækkunin nemur þó um 150 m.kr. í heildina tekið.
- b. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að mæta sérstakri fjárvöntun sveitarfélaganna frá árunum 2011-2014 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Uppgjör fyrir árin 2013 og 2014 sýnir að afkoma sveitarfélaga vegna málaflokksins var neikvæð um 1,2 ma.kr.
- c. Að óbreyttu vantar 50 m.kr. á árinu 2016 til þess að NPA-verkefnið sé fjármagnað með fullnægjandi hætti út frá áætlunum sem gerðar hafa verið.
- d. Búist hafði verið eftir að meira fjármagn yrði sett í uppbyggingu ódýrra leiguíbúða.
- e. Framlög til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru lægri en æskilegt væri til að mæta hraðri fjölgun erlendra ferðamanna sem koma til landsins.
- f. Kostnaður við móttöku hælisleitenda og flóttafólks er vanmetinn.

Til viðbótar ofangreindum atriðum óskar sambandið eftir því að nefndin skoði tillögur sambandsins um breytingu á lögum nr. 124/2014, um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Afar mikilvægt er að brugðist verði við þeim ábendingum sem fyrst, þar sem frá 1. janúar 2016 mun virðisaukaskattur að óbreyttu leggjast á aðkeypta akstursþjónustu, hvort sem um er að ræða almenningssamgöngur, ferðaþjónustu fyrir fatlað og aldrað fólk, og skólaakstur.

Staða sveitarfélaga

Í þeim hluta frumvarps til fjárlaga sem fjallar um stefnu og horfur er á nokkuð ítarlegan hátt fjallað um stöðu og horfur í fjármálum sveitarfélaganna. Þar kemur fram að heildarafkoma sveitarfélaganna á árinu 2014 var neikvæð um



5,7 ma.kr. skv. bráðabirgðauppgjöri miðað við 4,5 ma.kr. neikvæða afkomu árið þar á undan. Með heildarafkomu er átt við jöfnuð milli tekna og gjalda, þar með talið fjárfestingum. Fyrrgreinda fjárþörf brúa sveitarfélögin með lántöku eða sölu eigna. Helsta skýringin á lakari heildarafkomu A-hluta sveitarfélaganna á árinu 2014 eru einkum aukin útgjöld en þau jukust um 5,8% milli ára að fjárfestingu meðtalinni á meðan tekjur hækkuðu um 5,4%. Launakostnaður hækkaði um allt að 10% milli ára. Áætlanir benda til að heildarafkoma sveitarfélaganna verði áfram neikvæð sem þýðir að þau munu fjármagna fjárfestingar að hluta til með nýjum lántökum.

Rekstrarafkoma A-hluta sveitarfélaga var aftur á móti jákvæð um 6,0 ma.kr. á árinu 2014 samanborið við 7,9 ma.kr. á árinu 2013. Sveitarfélögin gera upp rekstur sinn samkvæmt rekstraruppgjöri eins og lögskipað er í sveitarstjórnarlögum. Samkvæmt því er fjárfesting ekki talin til útgjalda.

Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að tekjur sveitarfélaganna hækki á árinu 2015 um 7,7% frá fyrra ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir að þær hækki um 8,8% en 5-6% árin þar á eftir. Áætlað er að nokkuð gott samræmi verði milli launaþróunar og tekna sveitarfélaga á spátímabilinu.

Nokkur munur er á þeim heildarniðurstöðum um rekstur sveitarfélaganna fyrir árið 2014 sem birtar eru í frumvarpi til fjárlaga og rauntölum úr rekstri sveitarfélaganna. Yfirlitið um rekstur sveitarfélaganna er sett fram á þjóðhagsgrunni en ekki á rekstrargrunni eins og sveitarfélögunum er lögskipað að vinna eftir.

Aðgerðir í skattamálum

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016 er boðuð ákveðin stefna ríkisins í skattamálum sem á að stuðla að aukningu á almennum kaupmætti almennings. Hún birtist m.a. í eftirfarandi aðgerðum:

- Tekjuskattur einstaklinga mun lækka í tveimur áföngum og við þann síðari mun skattþrepum fækka úr þremur í tvö. Skattþrósentu lægra þreps mun lækka úr 22,86% í 22,68% þann 1. Janúar 2016 og í 22,50% við ársbyrjun 2017.
- Álag í milliprepi verður lækkað um helming frá ársbyrjun 2016 og það að fullu afnumið um næstu áramót.
- Fjárhæðarmörk efsta skattþreps verða lækkuð í 770 þús.kr. 1. janúar 2016. Skil milli þrepanna tveggja verði 700.000 kr. tekjumark þegar breytingarnar eru að fullu komnar fram.
- Til viðmiðunar eru skattþrepin á árinu 2015 vegna ársins 2014 sem hér segir:

0 – 290.000 kr. á mánuði	22,86%
290.001 – 784.619 kr. á mánuði	25,30%
784.620 kr. og hærra á mánuði	31,80%
- Tollar á fatnað og skó verði lagðir af við árslok 2015.



- Aðrir tollar en þeir sem lagðir eru á matvæli verði afnumdir 1. Janúar 2017.
- Bætur til örorku- og ellilífeyrisþega eiga að hækka um 9,4%.
- Atvinnuleysisbætur eiga að hækka um 9,4%.
- Barnabætur eiga að hækka um 3,0%.
- Til að stuðla að lækkun leiguverðs húsnæðis og auka framboð leiguíbúða verður skattur á leigutekjur vegna húsnæðis lækkaður úr 14% í 10%.
- Framlag ríkisins til húsaleigubóta verður hækkað um 1.080 m.kr.
- Framlag til byggingar hagkvæmra og ódýrra íbúða verður 1,5 ma.kr. á árinu 2016. Markmiðið er að reisa allt að 400 íbúðir á því ári en samtals 2.300 íbúðir á árunum 2016-2019.

Mál sem sambandið telur mikilvægt að nefndin skoði vel

Tryggingagjald, sbr. XI. kafla frv.

Gjaldhlutfall tryggingagjalds mun lækka úr 7,39% í 7,25% í ársbyrjun 2016 þegar síðasti áfangi 0,34 prósentustiga lækkunar tekur gildi í samræmi við breytingar sem lögfestar voru í desember 2013. Ekki er gert ráð fyrir að tryggingagjaldið lækki umfram það á næsta ári. Fallið er frá þeirri viðbótarlækkun sem voráætlunin fól í sér en þess í stað verður tekjuskattur einstaklinga lækkaður eins og greint var frá hér framar. Almenn tryggingagjald mun lækka úr 6,04% í 5,90% en atvinnuþryggingagjald verður óbreytt 1,35%. Að viðbættu markaðsgjaldi og gjaldi í ábyrgðasjóð launa verða samanlögð gjöld á tryggingagjaldsstofn 7,35%. Lögð er til framlenging á ákvæði laga um tryggingagjald sem kveður á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2016. Sambærilegt ákvæði hefur verið í gildi fyrir árin 2013, 2014 og 2015. Þess í stað er gert ráð fyrir að sjóðirnir fái 650 m.kr. framlag úr ríkissjóði á árinu 2016, sbr. samkomulag þar um. Miðað við nágildandi tryggingagjaldsstofn myndi 0,13% hlutdeild fela í sér 1,4 ma.kr. framlag úr ríkissjóði á ári en með þessari breytingu er komið í veg fyrir að þau falli til á árinu 2016.

Lækkun tryggingagjalds hefur í för með sér lækkun útgjalda fyrir sveitarfélögin sem getur numið um 150 m.kr. Bent er á að sveitarstjórnir og aðalfundir landshlutasamtaka hafa undanfarið ályktað um að tryggingagjald þurfi að lækka mun meira og tekur sambandið undir þær ályktanir.

Virðisaukaskattur af almenningssamgöngum, sbr. V. kafla frv.

Athygli nefndarinnar er vakin á því að frá 1. janúar 2016 mun virðisaukaskattur að óbreyttu leggjast á aðkeypta akstursþjónustu, hvort sem um er að ræða almenningssamgöngur, ferðaþjónustu fyrir fatlað og aldrað fólk, og skólaakstur. Engan veginn verður séð að slík niðurstaða hafi verið markmið löggjafans við setningu laga nr. 124/2014, þar er sem skýrt undanþáguákvæði í 1. gr. laganna:



Almenningssamgöngur, þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirframbirtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi. Undanþágan nær einnig til skipulagðrar ferðapjónustu fatlaðs fólks og skipulagðs flutnings skólabarna. [...]

Þrátt fyrir umrætt undanþáguákvæði segir í nýbirtri greinargerð starfshóps um endurskoðun reglna um virðisaukaskatt og ferðapjónustu (sjá bls. 15-16):

„Að nokkru leyti er framkvæmdin með þeim hætti að þeir sem starfrækja almenningssamgöngur kaupa akstursþjónustu af þriðja aðila. Slík akstursþjónusta verður virðisaukaskattsskyld frá 1. janúar 2016 og munu þeir sem starfrækja almenningssamgöngur bera virðisaukaskatt af keyptri þjónustu.“

Þessi niðurstaða kom hvergi fram við setningu laga nr. 124/2014 og kemur hún vægast sagt á óvart m.t.t. hins skýra undanþáguákvæðis í 1. gr. laganna. Í greinargerð starfshópsins er hins vegar bent á að í þá grein vanti að tilgreina einnig ferðapjónustu fyrir aldrað fólk og leggur sambandið að sjálfsögðu áherslu á að sú þjónusta verði undanþegin líkt og önnur akstursþjónusta sem sveitarfélögin annast og flokkaðar eru sem almenningssamgöngur, eins og lagt er til í 49. gr. frumvarpsins.

Sambandið leggur jafnframt mikla áherslu á að leyst verði úr því með skýrum hætti að ekki verði grundvallarmunur á því hvort sveitarfélög eða fyrirtæki í þeirra eigu annast akstursþjónustu sjálf eða kaupa þjónustu verktaka, enda er almennt viðurkennt að slíkt fyrirkomulag hefur neikvæð áhrif á samkeppni. Staðan er þannig í dag að mjög stór hluti af þessari þjónustu er aðkeypt þótt einnig séu dæmi um að sveitarfélög annist alla þjónustuna eða stóran hluta hennar sjálf.

Sambandið hefur ávallt lagt áherslu á að almannþjónusta eigi ekki að vera grundvöllur til skattlagningar af hálfu ríkisins. Á það sjónarmið var fallist við setningu laga nr. 124/2014. Best færi á því að sú undanþága næði til alls aksturs sem fellur undir almenningssamgöngur, óháð því hvort um er að ræða aðkeypta þjónustu eða þjónustu sem sveitarfélag annast sjálft.

Ef sú leið þykir ekki fær er bent á að í 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 er að finna ákvæði um endurgreiðslu á aðkeyptri þjónustu, s.s. sorphreinsun, ræstingu, snjómokstri o.fl. Að lágmarki ætti aðkeypt þjónusta vegna almenningssamgangna að falla undir umrætt ákvæði, ásamt því að tekið verði fram í 1. gr. laga nr. 124/2014 að undir hugtakið almenningssamgöngur falli einnig ferðapjónusta fyrir aldrað fólk, sbr. 49. gr.

Ljóst er að málið varðar mikla hagsmuni, því lauslega má áætla að sveitarfélögin, landshlutasamtök sveitarfélaga og fyrirtæki í þeirra eigu kaupi á hverju ári akstursþjónustu sem nemur um 5,0 milljörðum króna.

Samsköttun hjóna og sambúðarfólks, sbr. 1. kafla frv.

Í 1. og 5. gr. frv. er lagt til að skattþrepum verði á næstu tveimur árum fækkað úr þremur í tvö. Jafnframt eru lagðar til breytingar á tekjumörkum þannig að mörk efra og neðra þreps verði um 8,4 m.kr. Samanlögð tekjumörk einstaklinga sem eru samskattaðir verða því 16,8 m.kr. Í umsögn KPMG um



frumvarpið koma fram áhyggjur af því að með brottfalli miðþreps tekjuskatts falli niður ákvæði er tekur til samskattaðs fólks og felst í flutningi helmings ófyllt tekjubils þess sem lægri tekjur hefur til þess sem tekjuhærra. Með ákvæðinu er dregið út þeim mun sem annars væri á heildarskattbyrði samskattaðs fólks eftir því hvort tekjuöflun er jöfn eða ójöfn innbyrðis.

Sambandið tekur undir áhyggjur KPMG og væntir þess að málið hljóti ítarlega skoðun í meðförum Alþingis.

Málefni fatlaðs fólks (08-809), sbr. III. kafla frv.

Unnið er að því að ljúka endurmati á yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks og gengur sambandið út frá því að við aðra umræðu fjárlaga komi fram tillögur sem byggja á niðurstöðum endurmatsins. Er þá horft til breytingar á þeirri útsvarsprósentu sem stendur undir rekstrargjöldum sveitarfélaga vegna málaflokksins.

Að öðru leyti er gert er ráð fyrir að rekstrargjöld ríkisins vegna málaflokksins nemi 584,0 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 56,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs að frátöldum launa- og verðlagsbótum sem nema um 18,9 m.kr. til viðbótar.

Allnokkur hækkun verður á framlögum til framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks (viðfangsefnanúmeri 08-809-1.03) sem lagt er til að fái 211,1 m.kr. árið 2016. Af þessari fjárveitingu eru 150 m.kr. ætlaðar í NPA-verkefnið og 61,1 m.kr. í aðrar aðgerðir skv. framkvæmdaáætluninni.

Varðandi NPA ber að hafa í huga að þegar verkefnið var sett á laggirnar árið 2012 var reiknað með stigvaxandi fjárveitingum ríkisins til þess. Þannig áttu framlög á fyrsta ári að nema 50 m.kr., 100 m.kr. á öðru ári og 150 m.kr. á því þriðja.

Árið 2016 er fjórða virka ár verkefnisins og ljóst að fjárveiting til þess verði að nema a.m.k. 200 m.kr. til þess að standa undir áætlunum um fjölda notenda, kjarþróun og framlög á grundvelli SIS-mats. Í því sambandi hafa sveitarfélögin farið fram á að hlutdeild ríkisins í fjármögnun hvers samnings verði hækkuð úr 20% í 30% þar sem einingaverð framlaga á grundvelli SIS-mats lækkuðu að meðaltali um 10% fyrir árið 2015.

Beðið er viðbragða velferðarráðuneytisins vegna þessarar lækkunar á yfirstandandi ári, en hún þrýstir á sveitarfélög að mæta kostnaðarauka NPA-samninga með því að draga úr þjónustu við aðra notendur. Að mati sambandsins er óásættanlegt að fjárvöntun vegna NPA-samninga hafi þau áhrif.

Varðandi aðrar aðgerðir á framkvæmdaáætlun má ljóst vera að 61,1 m.kr. hrökkva skammt til þess að standa straum af þeim. Á sínum tíma taldi sambandið að þær 14 aðgerðir sem settar voru á ábyrgð sveitarfélaga myndu útheimta á bilinu 400 til 500 m.kr. á ári (sjá meðf. kostnaðarmat). Var þá ekki lagt mat á aðrar aðgerðir skv. áætluninni, 29 að tölu. Áriðandi er því að bæta við fjárveitingu til framkvæmdaáætlunarinnar sé það á annað borð vilji fjárveitingavaldsins að farið verði í þær aðgerðir sem áætlunin gerir ráð fyrir.



Lagt er til í frumvarpinu að sú tímabundna breyting sem gerð var til bráðabirgða með lögum nr. 139/2013, um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014, þ.e. að hækka hámarksútsvar í lögum um tekjustofna sveitarfélaga um 0,04 prósentustig, úr 14,48% í 14,52% á árinu 2014, verði að svo stöddu framlengd tímabundið um eitt ár. Hækkunin var einnig framlengd fyrir árið 2015 með lögum nr. 125/2014, um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015. Í samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá árinu 2010 var útsvarshlutfall sveitarfélaga hækkað um 1,2 prósentustig á móti samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins til fjármögnunar á málaflokknum árin 2011–2013 að viðbættum tímabundnum beinum framlögum úr ríkissjóði. Í samkomulaginu var enn fremur gert ráð fyrir því að útsvarshlutfallið yrði fastsett frá og með árinu 2014 þannig að þjónustan yrði alfarið fjármögnuð með útsvari. Endanlegt útsvarshlutfall átti að byggjast á mati á fjárhagslegum forsendum samkomulagsins sem unnið yrði á árinu 2013 en þeirri vinnu var enn ólokið síðla árs 2013. Af þeim sökum var gerður viðauki við samkomulagið í nóvember 2013 þar sem samkomulagið var framlengt um eitt ár þannig að ákvörðun um endanlegt útsvarshlutfall yrði tekin á árinu 2014 og kæmi til framkvæmda frá og með árinu 2015. Samhliða því að samkomulagið var framlengt var útsvarshlutfall sveitarfélaga hækkað tímabundið í eitt ár um 0,04 prósentustig á móti samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins fyrir árið 2014 og aftur fyrir þetta ár. Endurmati á fjárhagslegum forsendum samkomulagsins er enn ólokið en gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á næstu vikum og að hún muni fela í sér tillögu að endanlegri ákvörðun um útsvarsprósentu.

Nauðsynlegt er að tekið verði tillit til framangreindra tillagna áður en frumvarpið gengur til 2. umræðu.

Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga

Ekki er að sjá að í farvatninu sé neinar stærri breytingar á fyrirkomulagi atvinnuleysistrygginga eða atvinnuleysisbóta. Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir 9,4% hækkun atvinnuleysisbóta. Hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga umfram almennar hækkunir getur leitt af sér kröfu um hliðstæða hækkun á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Heildargreiðslur sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar er nálægt 5,0 ma.kr. Raunhækkun þessa útgjaldaliðar hefur því í för með sér umtalsverða útgjaldaaukningu ef af verður.

Leiguíbúðir (08-861), sbr. 1. kafla frv.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að framlag til þessa liðar verði 1.610 m.kr. og er það hækkun um 1.500 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí sl. um húsnæðismál segir meðal annars að grunnur verði lagður að nýju félagslegu leiguíbúðakerfi sem verður fjármagnað með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga og beinum vaxtaniðurgreiðslum ríkisins.

Í því samhengi er áformað að ráðast í átak um byggingu félagslegra leiguíbúða og stefnt að því að byggja 2.300 leiguíbúðir á næstu fjórum árum.



Lagt er til að veitt sé fé til að byggja allt að 400 íbúðir á næsta ári. Það hefði í för með sér að það þyrfti að byggja 1.900 á árunum 2017-2019 eða 633 íbúðir á ári. Þessi áhersla er ekki í samræmi við væntingar og stefnumótun þeirra sveitarfélaga þar sem þörfin fyrir húsnæði af þessari tegund er brýnust s.s. hjá Reykjavíkurborg.

Til hvatningar á þróun langtímaleigu húsnæðis er lagt til að frítekjumark fjármagnstekjuskatts af leigutekjum einstaklinga af íbúðarhúsnæði verði hækkað úr 30% í 50%, sbr. 1. og 3. gr. frumvarpsins. Virk skattbyrði leigutekna mun þar með lækka úr 14% í 10%. Sambandið styður þessa lagabreytingu eindregið.

Húsaleigubætur (08-865).

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að fjárheimild þessa liðar, sem er nýr liður, verði 1.140 m.kr. Fjárheimildinni er ætlað að standa straum af auknum stuðningi við almennan leigumarkað til samræmis við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga. Gert er ráð fyrir að gerðar verði breytingar á húsaleigubótakerfinu þannig að stuðningur við leigjendur verði aukinn með hliðsjón af tillögum sem hafa verið til meðferðar hjá stjórnvöldum. Í tillögunum er stefnt að hækkun grunnfjárhæðar og frítekjumarka og að bæturnar og frítekjumörkin taki mið af fjölda heimilismanna. Gert er ráð fyrir að 1.080 m.kr. af fjárheimildinni fari í hækkun húsaleigubóta á árinu 2016 og þá er gert ráð fyrir að 80 m.kr. verði varið í umsýslukostnað ef til þess kemur að gerðar verði breytingar á fyrirkomulagi með umsýslu bótanna. Í núverandi fyrirkomulagi er umsýsla húsaleigubóta alfarið í höndum sveitarfélaga en ríkissjóður fjármagnar almennar húsaleigubætur að hluta og 60% af svokölluðum sérstöku húsaleigubótum með tilfærslu fjármuna í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingum á þessu fyrirkomulagi en á vegum stjórnvalda eru nú starfandi vinnuhópar með hagsmunaaðilum um húsnæðismál þar sem unnið er að nánari útfærslu þessara aðgerða og er ráðgert að þær útfærslur muni liggja fyrir síðar í haust fyrir afgreiðslu Alþingis á fjárlagafrumvarpinu. Gert er ráð fyrir að í þeirri útfærslu liggja fyrir með hvaða hætti breytingar verði gerðar á stuðningskerfi við leigjendur þar með talið umsýsla þeirra og hvernig fjárstreymi til fjármögnunar kerfisins verði háttað til frambúðar.

Hjúkrunarheimili (08-401)

Lagt er til í fjárlagafrumvarpi að liðurinn Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana (08-401) hækki um 300 m.kr. sem renni til að mæta kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við byggingu þriggja nýrra hjúkrunarheimila með samtals 214 hjúkrunarrýmum.

Sambandið leggur áherslu á að unnið verði áfram að því að samræma daggjaldagreiðslur til hjúkrunarheimila og gera þjónustusamninga um rekstur allra hjúkrunarheimila.



Hælisleitendur og flóttamenn (06-399)

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld hækki um 172,7 m.kr. að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er gerð tillaga um tímabundna 175 m.kr. hækkun framlags í eitt ár til að mæta auknum kostnaði vegna fjölgunar hælisleitenda, auk þess sem áætlanir um styttri málsmeðferðartíma hafa ekki gengið eins vel eftir og ráð var fyrir gert. Kostnaður fjárlagaliðarins hefur aukist verulega síðustu árin, frá því að vera 60 m.kr. árið 2011 í 463 m.kr. árið 2014. Vonir stóðu til þess að átaksverkefni undanfarinna ára leiddi til umtalsverðrar lækkunar liðarins á yfirstandandi ári og voru fjárveitingar því lækkaðar í 285 m.kr. Það er ekki að ganga eftir. Komið hafa upp tímabundnir erfiðleikar í málsmeðferð hælisleitenda sem veldur því að biðtími hælisleitenda eftir niðurstöðu hefur lengst á ný auk þess sem fjöldi hælisleitenda heldur áfram að aukast. Dvalargjöld hælisleitenda, sem ekki fær úrlausn sinna mála, er 7.800 kr. á dag, 234.000 kr. á mánuði og 2.808.000 kr. á ári. Hins vegar er um að ræða 2,3 m.kr. lækkun útgjalda til að mæta aðhaldsmarkmiðum í frumvarpinu. Aðrar breytingar á fjárheimild liðarins skýrast af launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins og nema alls 17,4 m.kr. til viðbótar.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði sem óhjákvæmilega fylgir sértækum aðgerðum í þessum efnum vegna móttöku flóttamanna frá Sýrlandi. Þar sem ekki liggur fyrir hver verði líklegur fjöldi er erfitt að ákvarða viðbótarkostnað vegna verkefnisins. Í annan stað liggur ekki fyrir hver gæti verið líkleg útgjaldaskipting milli ríkis og sveitarfélaga við þetta verkefni. Eðlilegt er að ríkið standi undir kostnaði við það þrátt fyrir að einstök sveitarfélög sjái um framkvæmd þess þar sem hér er um samfélagslegt verkefni að ræða.

Málefni flóttamanna eru í brennidepli og mörg sveitarfélög hafa samþykkt ályktanir um að taka á móti flóttamönnum sem nýjum íbúum. Ljóst er að upp er komin alveg ný staða í flóttamannamálum sem kallar á markvissar og samstilltar aðgerðir allra hlutaðeigandi, þ. á m. sveitarfélaga. Flóttamenn sem setjast að á Íslandi hafa flestir mátt þola miklar hremmingar, þeir koma úr ólíkum menningarheimi og þurfa mikinn stuðning í upphafi til að aðlagast íslensku samfélagi og aðstæðum. Til framtíðar litið skiptir það öllu máli að vel og faglega sé staðið að móttöku þeirra. Samþykktir fjölmargra sveitarfélaga að undanförunu sýna að þau eru full vilja til að taka vel á móti þessum nýju íbúum. Móttaka flóttafólks er hins vegar flókið og vandasamt verkefni og ljóst er að þau sveitarfélög sem létu í ljós áhuga á að taka á móti kvótaflóttafólki eru mjög misjafnlega í stakk búin til að veita verkefni.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um málið þann 11. september sl. og var samþykkt að sambandið skuli bjóða sveitarfélögum aðstoð sína vegna undirbúnings komu flóttamanna og beita sér gagnvart ríkisvaldinu til hagsbóta fyrir þau. Í kjölfarið sendi sambandið samhljóða bréf til velferðar- og innanríkisráðuneyta, dags. 29. september sl., þar sem gerð var grein fyrir samþykkt stjórnar og áhersluatriðum sambandsins og óskaði eftir fundi til að ræða þau og aðkomu sambandsins að undirbúningi vegna móttöku sveitarfélaga á flóttamönnum. Helstu áhersluatriði í bréfinu eru þessi:



Með vísun til þessarar samþykktar hefur sambandið óskað eftir fundi við fyrsta tækifæri með ráðuneytum velferðar- og innanríkismála til að ræða áhersluatriði sambandsins og aðkomu þess að undirbúningi vegna móttöku sveitarfélaga á flóttamönnum. Helstu áhersluatriði sambandsins eru þessi:

1. Sambandið telur að aukinn straumur flóttamanna hingað til lands kalli á heildarendurskoðun og samræmingu laga og reglna um móttöku allra hópa flóttamanna. Setja þarf reglur um að flóttamenn, sem koma á eigin vegum til landsins og fá hæli, fái einnig móttökustuðning og að samningar ríkisins við sveitarfélög um móttöku taki einnig til þeirra. Samhæfa þarf lög um málefni innflytjenda, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um útlendinga varðandi móttöku flóttamanna og innflytjenda og skoða sem fyrirmyndir löggjöf í norrænum grannríkjum þar sem í sömu lögum er kveðið á um móttöku allra hópa flóttamanna og innflytjenda.
2. Þar sem fyrirséð er að sveitarfélög muni þurfa að taka á móti flóttamannahópum áður en slík endurskoðun hefur farið fram telur sambandið mikilvægt að strax verði farið í greiningu á kostnaðar- og verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, vegna móttöku flóttamanna. Til þessa hefur stuðningur ríkisins við sveitarfélög almennt miðast við eitt ár. Sambandið telur einsýnt að lengja þurfi stuðningstímabilið í samræmi við það sem tíðkast í öðrum norrænum ríkjum. Þar er stuðningstímabilið þrjú til fimm ár. Afkoma sveitarfélaga versnaði verulega á síðasta ári og var heildarafkoma þeirra neikvæð um 2,3 ma.kr. og eru horfur á að afkoman batni ekki á yfirstandandi ári. Því er einsýnt að ríkisvaldið verður að fjármagna móttöku kvótaflóttafólks og hælisleitenda að fullu því það mun ekki verða þessu verkefni til framdráttar ef þeir fjármunir sem sveitarfélögin fá til verksins hrökkva ekki fyrir kostnaði.
3. Jafnframt þarf að sjá til þess að sveitarfélög eigi kost á miðlægum stuðningi vegna sértækrar þjónustu við flóttamenn, s.s. vegna túlkþjónustu og fræðslu til starfsmanna. Fjölmenningarsetur hefur, skv. lögum um málefni innflytjenda, ráðgjafar- og upplýsingahlutverk gagnvart stjórnvöldum og stofnunum, sbr. a-lið 3. gr. laganna, og í b-lið 3. gr. er sérstaklega tilgreint að setrið skuli vera sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í sveitarfélagið. Skoða þarf hvort og hvernig sé hægt að efla burði Fjölmenningarseturs til að sinna lögbundnu stuðningshlutverki sínu.
4. Einnig er þörf á að skerpa á samstarfi á milli sveitarfélaga og ríkisstofnana, sem bera ábyrgð á þjónustu sem flóttafólkið mun þurfa á að halda, s.s. Vinnumálastofnunar og heilbrigðisstofnana, svo og verkaskiptingu á milli sveitarfélaga og Rauða krossins.
5. Út frá stöðunni í húsnæðismálum landsmanna má telja ljóst það muni reynast bæði stórt og flókið viðfangsefni fyrir stjórnvöld að útvega flóttamönnum fullnægjandi húsnæði. Það er lykilatriði að samvinna takist milli ríkis, sveitarfélaga og fleiri aðila um þetta verkefni og að allra mögulegra leiða verði leitað til þess að mæta viðbúinni þörf. Íbúðalánasjóður og tengdir aðilar hljóta m.a. að koma að málum, með það fyrir augum að tómar íbúðir á þeirra vegum verði nýttar.




Lokaorð

Rétt þykir að lokum að minna á nokkur atriði sem varða sveitarfélögin og þau hafa lagt áherslu á að unnið sé að af hálfu ríkisvaldsins. Í því sambandi má minna á eftirfarandi atriði:

- Eflingu rafrænnar stjórnsýslu
- Verkefni til að draga úr bóta- og skattsvikum
- Ljósleiðaravæðing landsins

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga óska eftir því að eiga sem fyrst fund með efnahags- og viðskiptanefnd og fjárlaganefnd til að ræða þær ábendingar sem fram koma í þessari umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Afrit:
Fjárlaganefnd